

Eyrarbakka 27. nóv 1920

Kæri bróðir!

Við erum nýbúin að fá bréf frá þér sem Sveinn Ólafsson kom með en Skúli er ekki búinn að skila bögglinum.

Kápan hans Péturs var send með Sigga Óla um leið og ruslið hennar Herdísar, sem hann skildi eftir í Andrésarbúð.

Mamma mátti til með að senda sokkana þó þeir séu dálítið blautir.

Jakobína var að fá bréf frá Jóni Ármann, hún biður að heilsa honum með þakklæti fyrir. Það gerir ekki betur en ég geti skrifað skammlaust. Rafljósín eru nefnilega í óstandi. Sveinn er svo fullur að hann getur varla staðið, hvað þá átt við mótorinn en það kann enginn annar en hann.

Ég sit þessvegna inni í stofu hjá fólkinu sem er að prjóna og kveðast á. Ingimar er hér, hann er að prjóna tá á sokk fyrir mömmu. Nú var hann að fella hana af og Jakobína bað mig blessaða að finna fljótt hinn sokkinn svo hann gæti tekið upp á honum undir !!

Á morgun ætlar Jakobína austur á Stokkseyri með kennurunum og hinum nýstofnaða skátaflokk. Barnaskólinn á Stokkseyri ætlar að halda skemmtun til ágóða fyrir bókasafn sitt. Það getur verið að ég fari líka. Það á líka að vera stúkufundur hér um sama leyti svo ég hef um tvennt að velja.

Okkur líður vel, það eru allir heilbrigðir og svo er vinnukona hér aðra hverja viku. Vertu sæll.

Bíllinn er að fara.

Við biðjum að heilsa

þín systir Vigga.

Kvsk. 15-12-23

Kæri Jakob!

Ég þakka þér fyrir síðast og allar þær ánægjulegu stundir sem við lifðum á síðasta sumri.

Stína Guðmunds kom hingað um daginn og hún ætlar ekki heim fyrr en Siggi Óla kemur að sækja hana.

Mummi bróðir fer heim um jólin en ég verð hér og læt mér leiðast.

Heim þorir fólkið ekki að sleppa mér. Mér er boðið til Grindavíkur en þangað vil ég ekki fara fyrst Gunna kom ekki til mín í sumar.

Effi Árnórs og Hrefna biðja hjartanlega að heilsa.

Nú er ég farin að vera í leikfimi og er orðinn svo bein að ég þarf bráðum að taka saum úr bakinu á peisunni minni.

Ég hefi tvisvar farið á bíó í vetur. Bæði skiptin með Mumma bróður og Gunnu Einars. Ég hefi ekki farið á neitt einasta ball og ætla ekki á neitt nema á kvennaskólaballið og á það fer ég bara vegna þess að ég var kosin í ball nefnd. Í nokkrar heimsóknir hef ég farið.

Oddrún býr í Alþingishúsinu í vetur og þar kem ég nokkuð oft. Það eru þá venjulega nokkurskonar Eyrbekkinga-mót, því að allir sem að austan koma heimsækja hana.

Þar er víst auma ástandið á Bakkanum núna. Það hafa víst margir sagt sig til sveitar í haust. Finnst þér ekki leiðinlegt að við skulum eiga þar heima. Alt almennilegt fólk fer þaðan. Nú í vetur segist mamma hvergi koma nema stöku sinnum í Garð. Það er mikil eftirsjón fyrir hana að Oddrún er farin.

Hefurðu heyrt að Díska á Hrauni er komin til Englands? Ástríður segist nú aldrei sjá bóndann og ekkert sakna þess. Þér þykir nú sjálfsagt lítið að fréttu af Bakka stúlkunum. Þú hugsar náttúrulega eingöngu um Hafnar frökenarnar. Þar er kanske munur. Ég vona samt að þú gefir þér einhvern tíma tíma til þess að senda mér línu, rétt til að láta mig vita hvernig þér líður. Ég hefi aðeins fengið 3 bréf að heiman síðan ég kom, svo ég veit ekkert hvað þar gerist. Þorkell í Stíghúsi er fluttur hingað og Ella er bústýra hjá honum.

Nú er ég í 4 bekk og þó mér finnist skemmtilegt hér, verð ég samt fegin í vor að vera laus. Frk. Ragnh. mundi sjálfsagt biðja að heilsa þér ef hún vissi að ég væri að skrifa. Ég óska þér gleðilegra jóla og góðs nýárs og þökk fyrir allt á því liðna.

Vertu blessaður og ágæta líðan.

Þín systir

Vigga.

Elsku Jakob!

Ég þakkað þér kærlega fyrir bréfið þitt. Ég var að leggja að stað til Hafnarfjarðar þegar ég fékk það og las ég það á leiðinni. Ég vona að Island hafi flutt þér jólabréf frá mér reyndar gleymdi ég að setja "svei þér" í það svo ég veit ekki hve mikið þér hefur þótt verið í það. Í Hafnarf. skemmti ég mér vel. Ég heimsótti Maju skólasystur mína.

Á aðfangadagskvöld skemmti ég mér vel; miklu betur en ég hafði búist við. Fyrst fórum við allar í kirkju, svo borðuðum við og fórum síðan að spila á orgel og syngja sálma. Svo drukkum við kaffi og þá sögðu allir í stuttu máli hvernig venjulegt væri að eyða jólakvöldum heima hjá þeim. Þar næst var kveikt á jólatré og svo fórum við í ýmsa leiki og háttuðum ekki fyr en kl. 2½.

Svo kom nú jóladagurinn og af því við erum alltaf góðir vinir held ég að ég verði að segja þér nákvæmlega hvernig hann leið, öðrum þori ég ekki að segja nema undir og ofan af.

Ég fór í kirkju til biskups og þar steinsofnaði ég en þegar ég vaknaði og sá alla geispandi í kring um mig, og hvert sem ég leit, þá greip mig svo mikill hlátur að ég skellti upp úr. Eftir mat fór ég upp á Lindargötu til þess að sækja myndirnar þínar. Ég fór svo með þær á Klapparstíg. Öll vorum við sammála um það að myndin af pabba væri ágæt, en sumum finnst stillingin á Ástríði óprýða hina. En ég er alveg hissa hvað þær eru skírar. Ég er viss um að þær gera lukku heima. Jæja, kl 5 fór ég á boð upp á Þórsgötu 21. Þar býr faðir Adólfs Bergssonar með konu og þrjú börn, tvo syni og eina dóttur, sem heitir Guja. Hún er í bekk með mér og bauð mér þetta ásamt þremur öðrum. Satt að segja hálf kveidi ég fyrir að fara þangað, en þegar til kom skemmti ég mér ágætlega. Til allrar hamingju voru þarna nokkrir yngri piltar, aðrir en heimamenn, einkum var þar einn sem mér leist vel á, og það var nú sem gerði alla ánægjuna. Svo ætla ég ekki að orðlengja það að þarna spiludum við á spil aðrir á orgel og sungum. Svo var farið í pantleik og dansað og fórum við ekki heim fyr en kl. 4. Þá fylgdu þeir okkur hingað heim, blessaðir. Þú skalt samt taka þetta í mikilli alvöru. Það er bara smáskot sem vonandi líður fljótt frá.

Við fengum fríið á laugardaginn. Þá hélt forstöðukonan ræðu og stúlkurnar sungu sálma og á eftir fengum við einkunnirnar. Ég fékk 5+ í teikningu, 6 í átta fögum 7 í fjórum og 8 í einu, var það langt yfir það sem ég hafði gert mér vonir um.

Síðast þegar ég skrifaði stóð víst til Thom hátíðin. Um kvöldið drakk allur skólinn kaffi og Sveinbjörn talaði snjallt fyrir minni forstöðukonunna. Við dönsuðum til 11. Sveinb. og Einar Magg voru dálitla stund. Annars dansaði Gísli Bjarna einn en dömurnar voru rúmlega hundrað. Heldurðu að hann hafi haft nóg?

Eftir nýár verður dansleikurinn okkar. Ég er form. ballnefndar og kvíði reglulega mikið fyrir undirbúningnum. Við fáum ekkert sérstakt frí þess vegna.

Nú í dag fór ég til pabba og var þar um tíma. Síðan fór Steini bróðir með mér suður á Grímstaðarholt. Þar voru gestir og við lentum í kaffinu. Fimm herrar fylgdu mér hingað heim og þótti þeim mikið sport í því að fá að koma hingað heim að skóla. Í vetur hefur það verið tíska bæði í mennta- og verslunar- skólanum að koma hingað í skrúðgöngu ef þeir fá frí og taka þeir þá stundum lag eða hrópa húrra fyrir kvenþjóðinni.

Jóna Marteins situr hér og biður að heilsa þér. Hún fór í gær með mér á Klapparstíg. Áður en við fórum inn sagðist hún ætla að hengja mig ef ég tefði þar nokkuð; en þegar til kom varð hún svo hrifin af Finni að ég ætlaði aldrei að fá hana þaðan.

Nú er klukkan orðin átta og ég ætla að fara að háttu. Á morgun byrja ég upplestur undir miðsvetrarpróf.

JG-003VO  
JG-003VO

Herdís biður kærlega að heilsa og ég bið þig að skila ástar hilsen til Sigga.  
Vertu blessaður og líði þér alltaf sem best. Þess óskar þín einlæg Viggá.

Eyrbakka, 23. maj 1924

Elsku Jakob!

Þessar línur verða þér vonandi tvöfalt gleði efni af því þú færð Ástríði Guðmunds með. Hún ætlar með Íslandi og er búin að lofa að taka bréfið með. Helstu fréttir héðan eru þær að Stína og Siggi Óla opinberuðu á sumardaginn 1. Annars veit ég ekki margt héðan því ég er nýkomin heim. Ég kom á sunnudaginn var. Með mér kom Helga Éssen og Geiri Jóns. Mummi og Bími fylgdu okkur upp að Hól. Við vorum öll á hjólum, ferðin gekk okkur heldur vel. Þó er ennþá snjór á heiðinni. Við töfðumst að vísu við að tína upp kartöflur sem við fundum á miðri leið. Okkur fannst synd að sjá þær liggja þarna fyrir hunda og manna fótum þegar kílóíð kostar 60 aura.

Nú er ég búin að ljúka mér af í Kvennó og þykist góð að vera búin, þó hefur mér liðið vel þarna, en ég er nú þannig gerð að ég kann ekki við mig í Reykjavík þegar ég á ekkert heimili þar.

Mér gekk prófið heldur vel og fékk aðra silfurskeiðina til. Hana ætla ég að hafa handa kærastanum ef ég eignast þá nokkrun, það liggur nú við að ég sé farin að örvænta. Ég er nú líka komin á tuttugasta árið. Daginn sem við losnuðum fórum við allar á bíó. Við sáum þar ansi góða mynd sem heitir "Einstæðingarnir", Daginn eftir fórum við að Bessastöðum. Við skoðuðum kirkjuna þar og þótti gaman að sjá neðstu hæðina en svo varð það lakara þegar ofar dró. Þar er bæði þurrkloft og smíðastofa, borgar sig varla að gef eina krónu fyrir að sjá það.

Frk. Ragnheiður sá Mumma í vetur. Hún sagðist undireins hafa séð að hann var bróðir þinn en henni þótti hann samt ekki eins laglegur.

Þegar ég var að fara úr Reykjavík fannst mér ég hafa miklar fréttir að segja þér, en þegar ég er komin hingað eru þær allar roknar út í loftið. Nú kemur Gunna hingað í sumar. Ég spurði pabba hennar hvort hún mætti ekki koma, hann sagði að hún mætti það ef mamma hennar gæti misst hana, svo spurði ég mömmu hennar og hún sagði að hún mætti það ef pabbi hennar vildi lofa henni það og þegar Gunna heyrði þetta sagði hún að ég skyldi vera róleg - hún kæmi.

Það var haldið söngpróf í skólanum eins og að undanfögnu, einn varð svo hrifinn að hann sagðist vera fastráðinn í að vera á kvennaskólanum næsta vetur.

Þú manst ef til vill eftir Konna Gísl, hann var efstur í verslunarskólanum við burtfararpróf og Árelíus Ólafsson nr.3 svo mér finnst óþarfi að tala um flóafífl, ég held að aðrir geri ekki betur.

Ég skemmti mér ansi vel síðustu dagana sem ég var í Reykjavík. Ég gekk á milli kunningjanna og kvaddi og skemmti mér sem best ég gat. Einu sinni var ég boðin heim til Dolla (Adólfs) og í annað sinn til Gínu Þórðar. Þar var nú slegið upp í dans og ýmislegt þessháttar. Kvöldið áður en ég fór kom ég til Guðbjargar mömmu hennar Sillu. Þar skemti ég mér best. Það var spilað á fiðlu og píanó og sungið fram eftir öllu. Ég vildi óska þess að þið hefðuð eins góða kennara í öllu eins og við höfðum í náttúrufræði, þá gengi ykkur prófið vel; kennarinn var Gísli Bjarnason ef hann heyrði að við ætluðum að fara að segja einhverja vitleysu þá gerði hann einhvern smell með bókinni og sagði svo hátt að allir hlutu að heyra: Já það er alveg rétt hjá yður. Séra Skúli heyrði ekki rétt vel og hélt að frammistaðan væri svona fín og gaf svo öllum 7, örfáum 6.

Mér heyrðist á mömmu að þú kæmir heim í sumar. Ég vildi að svo yrði því hér er nú hálf dauft. Við Helga og Geiri fórum til Stokkseyrar um daginn. Þangað hefi ég ekki komið síðan við fórum það rétt áður en þú fórst héðan. Rétt áður en Ástríður fór komu

JG-004VO  
JG-004VO

þær systur hingað, einnig komu Jórunn og Aðalsteinn. Við skemmtum okkur við að segja draugasögur í rökkrinu og annað fleira sem fyrir hendi varð.

Nú er Guðrún litla farið að leggja af hún er samt sæmilega þrekin ennþá, mér finst hún ansi skemmtileg í viðræðum, hún er miklu mælskari en hinir krakkarnir voru á hennar aldri. Nú er ég nýkomin vestan frá frú Margréti. Hún þekkti foreldra Helgu og langaði þess vegna til að sjá hana.

Nú er kl 6 og Geiri er að fara og ég er dauð syfjuð og verð að slá botninn í bréfið.

Vertu blessaður og sæll og kær kveðja til Sigga.

Innileg ósk um góða líðan og gott próf.

Þín systir Vigga Ólafsd.

Læknishúsinu 19. júní 1924.

Elsku Jakob!

Þú heldur nátturlega að ég sé feig þegar ég skrifa þér með hverri ferð, en það er mesti misskilningur, ég er alveg bráðlifandi. Við fengum í gær bréf frá þér og þótti vænt um að heyra hve vel þér gengur þetta, kom mér ekkert á óvart, ég gekk út frá því sem gefnu að þér mundi ganga vel og ég vildi að Siggi bróðir minn hefði það líka af. Pabbi getur ekki skrifað þér í þetta sinn því hann var á ferð í alla nótt og hefur haft töluvert að gera í dag annars hefur hann haft heldur lítið síðan ég kom heim.

Fréttir eru fáar héðan, lífið er ósköp tilbreytingar lítið, þó eru hér málaferli og við og við, en ég er nú lítið spennit fyrir þeim. Helga Éssen var nokkuð lengi hér. Einn daginn fórum við Pétur með henni út í Ölfus og skemmtum okkur vel. Pétur var svo skrafhreifinn og fjörugur að mér þótti nóg um, þau komust bókstaflega ekkert áfram. Þegar Helga fór fylgdu við Jórunn henni á leið þá mættum við Páli Vigfúss, hann var svo hér fram yfir hvítasunnu. Hann þekkti Jórunni af afspurn og langaði mikið til að sjá hana, gerði hann sér svo ferð vestur á stöð. Þegar hann kom heim var hann bálvondur, ég vissi ekki hversvegna. Seinna sagði Helga mér að þessi maður hefði komið og alveg ætlað éta sig með augunum. Þá vissi ég hvað valdið hafði vonsku Páls, hann hafði orðið fyrir vonbrigðum. Um hvítasunnuna lágu litlu drengirnir úti. Þeir tjölduðu upp á mýri og voru þar nokkrar nætur, við færðum þeim svo mat og kaffi. Kjartan og Siggi í Túni voru þarna með þeim. Þeir voru ósköp ánægðir og lifðu frjálssir eins og fuglar loftansins. Þeir tóku sér sólboð og vatnsboð oft á dag. Í morgun fór Guðm frá Sandi héðan, hann var hjá okkur tvær nætur. Á hvítasunnudag var haldin samkoma í Fjölni. Þar töluðu þeir Ingimar, Aðalsteinn og Einar H. Kvaran, hann kom hingað að tilhlutan stúkunnar. Fyrirlestur hans var ágætur og svo las hann sögur eftir Gest Pálsson. Han dvaldi hér nokkra daga og kom oft til okkar. Þennan sama dag voru fuglar gamla Nielsens sýndir í skólanum. Hann er búinn að gefa barnask. safn sitt og skáp utan um. Þá dettur mér nokkuð í hug. Guðmundur Friðjónsson heimsótti Nielsen og talaði lengi við hann og alltaf um fugla. Þegar Guðm. var nýkominn heim fekk hann bréf frá gamla manningnum þar sem hann lýsti því yfir að hann hefði haldið að þetta væri séra Einar á Borg og það nú Guðm. endilega að koma aftur, því hann þurfti margt við hann að tala.

Á annan var hér mikið um dýrðir. Þá var fermt hér. Sjana Búlla og Ámundur Guðmundsson voru meðal fermingar barna var svo haldin sameiginleg veisla fyrir þau í Fjölni.

Héðan var boðið öllu fullorðna fólkinu, mamma og pabbi gátu ekki komið undir eins vegna þess að Gunnl. Clasen og frú komu hingað. Í þessari veislu var fjöldi fólks, ég skemmti mér samt í hófi, lenti til borðs með Lúðvík lækni og frú og ýmsu þessháttar fólki.

Nú hafa Herdís og Gústa Þórdísar leigt herbergi, þar hafa þær tvo vefstóla og ætla nú að vefa af kappi.

Ég hef verið hjá þeim síðustu dagana. Ég er nefnilega að búa til saumakörfu sem ég ætla að gefa Gunnu Einars. Að öllu forfallalaus kemur hún hingað í sumar, því nú er hún búin að taka tennur!!! Mummi vildi um fram alt að hún færi ekki austur fyr en hann væri kominn heim, hann sagði að sig langaði til að (njóta) hennar. Mummi kemur víst um miðja næstu viku. Ég er hrædd um að honum lítist illa á að við erum aðeins að byrja á moupptekt. Pétur og Ketill hafa síðustu dagana verið í vinnu hjá Sigurjóni við bjóð, auk þess hefur Ketill verið í fiskvinnu hjá Bergsteini, annars hafa inntektirnar verið litlar hér á þessu heimili í ár. Helga Björgvins hringdi til mín í

JG-005VO  
JG-005VO

morgun til að segja mér að Minni dýralæknis væri þar og vita hvort ég vildi koma líka, en ég ætla að geyma hennar góða boð þangað til um slátt. Þá ætla ég austur ef allt gengur að óskum. Ég er orðin afar þyruð í anda síðan ég kom heim og er það að vonum því hér er enginn sem neitt er gaman að.

Vertu blessaður og ég óska þér alls góðs meðal annars að þér veitist sú ánægja að sjá frk. Ástríði, eða ef þér þykir meira gaman að sjá einhverja aðra, þá það.

Ég þrái mjög að heyra hvernig ykkur frændum gengur.

Þín Vigga.



Elsku Jakob!

Ég hef nú ekkert bréf að þakka þér og get þess vegna ekki byrjað á venjulegan hátt. Að vísu hefi ég séð öll þau bréf sem frá þér hafa komi. Ég bið þig að afsaka hve pappírinn er óvandaður, en því get ég einu um kennt að ég nenni ekki að niður. Ég sit nefnilega í baðstofunni, þar er heitt og "huggulegt" á góðu máli. Mamma er að þrjóna bót á sokk, Herdís blaðar í vefnaðarbókunum sínum en Siggi snakkar um hitt og annað og syngur svo annað slagið Dall-dall-dall-dall Dalli í Steinskoti. Ketill og Óli eru að halda hátíðlegt fimm ára afmæli skátanna hérna á Bakkanum. Þeir bökuðu sjálfir í veisluna og buðu svo Jakobínu og Ingimari. Veislan er á Sandprýðisloftinu og áðan fór ég þangað og rak höfuðuð upp úr loftsgatinu. Þar var háreystin alveg ógurleg svo ég flýtti mér bara heim. Hérna var heldur en ekki hátíð í gær. Þá var 25 ára afmæli Péturs og Ketill fermdur.

Fyrst var nú borðaður góður matur og Mummi var hér heima. Á eftir mat fórum við öll í kirkju. Fólkið héðan sat á fremstu bekkjunum. Ég var á þessum lausa sem við sátum á um jólin í vetur og ég ætlaði alveg að sofna, en þá vildi það mér til happs að ég leit um öxl og sá þá að Einar í Hallskoti sat hjá Mumma og var að bjóða honum í nefið. Þetta var svo hlægilegt en þó kastaði fyrst tólfunum þegar hann fór að syngja. Ég ætlaði nú ekki að reyna að lýsa þeim ósköpum. En svo ég minnst nú á sjálfa athöfnina þá var hún hátíðleg. Presturinn hélt fallega ræðu um syndina.

Eftir messu rigndi gjöfum yfir Ketil. Jórunn gaf honum ekta gullnælur í slifsi en Oddur og Helga sendu honum silfur signet með K.G. öðrum megin en hinum megin Ketill. Aðalsteinn gaf honum vandaðan sjálfblekung, auk þess fekk hann fjölda bóka nú á hann hátt í einni siffónerskúffu af ágætis bókum. (Herdís er alltaf að rétta að mér vefnaðarbókina og sýna mér munstur. (Það er nefnilega vandi á ferðum. Hún ætlaði að vefa hvíta silkilín svuntu handa mér en skyrta handa Einari litla í Garðshúsum og gengur illa að samrýma það.) Kl. 4 fóru gestirnir að tínast hingað. Þar voru prestshjónin og eldri og yngri hjónin frá Garði. Því nú eru Siggi og Stína orðin hjón og Stína segir að það sé meira gaman heldur en að vera trúlofuð og það get ég vel skilið. Svo kom Aðalsteinn, ljósa, Gústa, Kristinn, Helga og Ingimar. Sólveig gat ekki komið af ástæðum sem ekki má segja hátt.

Hér var svo drukkið súkkulaði og kaffi, etnir ávextir, spilað og spjallað. Jórunn kom þegar hún var búin að loka símanum. Magnús fór til R.víkur í gær og ef allt að gengur þá fæ ég súkkulaði pund frá mömmu þegar hann kemur heim. Mamma heldur nefnilega að hann sé trúlofaður Guðnýu Sigmunds og ætli að fara að opinbera en ég held að þau séu ekki trúlofuð og svo veðjuðum við. Þetta gerðum við í sumar, en nú er fresturinn að verða útrunninn.

Nú er ég orðinn hálfgerður heimiliskennari. Ég er að kenna Búllu og Sjönu undir Kvennó. Mér líkar það heldur vel. Telpurnar eru iðnar og skemmtilegar og ef þeim tekst prófið bærilega í vor þá verð ég hugrakkari framvegis.

Einnig hafa nokkrar stúlkur beðið mig að kenna sér að sauma og það geri ég með glöðu geði. Samt erum við ekki byrjaðar enn. Stendur á því að þær eru varla orðnar nógu margar til þess að borgi sig að hita herbergi þeirra vegna. Mummi kom heim fyrir hálfum mánuði og hélt þá að ætti að ferma hér. Það voru náttúrlega vonbrigði fyrir Mumma að hitta svo ekki á neitt. Við reyndum að skemta okkur eftir föngum. Imba Bjarna kom hingað það kvöld og við fórum þá með henni austur í skóla og ætluðum að hlusta á víðboð (útvarp) en við heyrðum lítið annað en lófaklapp frá París. Þó heyrðum við orkester frá London en þar var ósköp veikt. Þetta var í svo miklu

ólagi að við fórum heim og hresstum okkur á kaffi. Kl. að ganga12 fylgdum við Imbu heim og komum þá við á dansleik sem haldinn var í Fjölni. Þar var Pétur. Hann er nú ákafur að komast á skemtanir en lætur þó ekki að öðru leyti af sínum kreddum. Til dæmis vilid hann ekki láta klippa sig fyrir ferminguna. Ég hringdi til Jórunnar áðan til að spyrja hana um ferð með bréfið þitt. Hún gerði sér mikið ómak til að fá upplýsingar um þetta. Þakklætið sem hún fekk frá mér var að annað en það að ég baunaði því á hana að það væri eitthvað bogið við þetta, hvað henni væri annt um að koma þessu bréfi og ég spurði hana hvort ég ætti að skila kveðju eða hvort hún ætlaði kannski að skrifa með. Kveðjuna ætlaði hún að senda þér en þorði ekki að skrifa, hún hélt að þú mundir álíta sig geggjaða.

Mér þótti vænt um að þú skyldir nefna þetta í síðasta bréfi viðvíkjandi mér. Mér var oft búið að detta í hug, en hefi ekki þorað að nefna það. Reyndar er ég nú vondauf en þetta spillir ekki fyrir. Mér finnst þetta besta tækifæri sem ég gæti fengið til að sjá mig um í heiminum, en það eru peningarnir og svo heldur mamma að (annað erfiðara) verði fyrir Laufeyju að taka á móti gestum þarna heldur en á meðan hún er á Súmatra þar sem heita má að alt sé lagt upp í hendurnar á þeim. En svo er það að ef ég einhverntíman fengi að fara til Hafnar þá finnst mér endilega að það þyrfti að vera á meðan þú ert þar. Þegar ég var í R.vík í haust þá fóru margar skólasystur mínar út. Meðal annara Helga Björgvins. Hefur þú hitt hana? Hún ætlaði að fara að læra að búa til mat.

10. nóv.

Nú erum við hér að drekka indælan kaffisopa með rjóma. Það vildi ég að svolíttill sopi væri kominn til þín eða öllu heldur þú hingað. Ljósá er að halda fyrir okkur lofræðu um pabba sem hún hafði slengt á mann hér úti á götu áðan. En nú er pabbi kominn í hreppsnefnd, gjaldkeri og nýtur held ég virðingar enn sem komið er, fekk yfirgnæfandi atkvæðafjölda. Jón í Mundakoti er oddviti, Andrés Bergmann og Pálína eru farin úr skólanefnd en Bogi á Hvoli og Sesselja á Gamla Hrauni komin í staðinn. Þetta finst okkur nú breyting til batnaðar. Svo er heldur að hreinsast til hér. Guðm Sigurðsson og Einar á Grund farnir. Sumir segja að messuföllin hérna muni hafa flýtt fyrir honum að koma sér burtu. Villi Vaff var skorinn upp við botnlangabólgu, hér um daginn, en það vildi svo illa til að þeir fundu ekki botnlangan, hann var svo útgrafinn sögðu þeir, en hann (Villi) var samt hitalaus. Nú á að fara að sauma saman skurðinn við svo búið.

Það lá við að ég væri búin að gleyma að segja þér frá því að ég fór til Víkur í haust. Ég var hálfan mánuð á ferðalaginu, en þar af eyddi ég fjórum dögum í ferð til Grindavíkur. Þar skemmti ég mér vel. Að vísu var þar ekki mikið um að vera, frúin og tvær dæturnar voru í Reykjavík. En aðalatriðið fyrir mér var að heimsækja Gunnu og fá að vera með henni, því við erum, held ég fæddar til að vera vinkonur, að minnsta kosti urðum við það undireins og við saumst í Kvennó. Svo var nú Einsí hjá okkur á kvöldin.

Nú les Ketill af miklu kappi, hann er fjarska iðinn og vel hæfur til náms. En litlu systkinin eru ekki alveg eins bókhneigð varla hægt að fá Völu t.d. til að lita í bók og þó er hún reglulega vel gefin. Mér ofbýður að sjá hvað mikið ég er búin að mala, ætla ég því að láta hér staðar numið þó mér finnst ég margt eiga ósagt.

Vertu blessaður. Þín systir Vigga.